

TIL:
Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar Alþingis:-

202. mál á Alþingi 2010-2011.

Umsögn um frumvarp til laga

um breytingu á lögum nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði, með síðari breytingum.

Undirritaður hefur tekið til athugunar ofangreint frumvarp og gerir eftirfarandi athugasemdir:

1. Almenn um frumvarpið.

Frumvarpið fjallar um breytingar á lögum nr. 61/2006, sem er ítarleg og vönduð lagasmíð eftir margra ára undirbúningsvinnu. Þau komu í stað þágildandi laga um lax- og silungsveiði frá 1970. Með lögnum frá 2006 er lögfest fyrirkomulag, sem grundvallað er á áratuga reynslu. Fjölmargir einstaklingar og félög komu að gerð þeirra.

Í greinargerð með frumvarpinu er nánast enginn efnislegur rökstuðningur fyrir breytingatillögum þess.

2. Um 1. grein frumvarpsins.

Framlenging gildistíma innlausnarréttar veiðiréttar úr 5 árum í 10 ár frá gildistöku laganna 1. júlí 2006, sbr. 10. gr. laganna.

Ákvæði um 5 ára gildistíma innlausnarréttar er nýtt í lögum nr. 61/2006. Það var sett á þeim grundvelli, að innlausn veiðiréttar hafi verið nánast óþekkt um langt árabíll. Því hafi verið um að tefla úrræði sem lítið hafði reynt á og lítið verið notað. Þá fæli ákvæðið í sér íþyngjandi inn grip í réttindi, sem stofnað var til með lögum fyrir meira en 70 árum. Þótti með þessu fyrirkomulagi gætt réttmætra hagsmuna bæði landeigenda og veiðiréttarhafa.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið hefur upplýst að nú sé til meðferðar mál til ákvörðunar samkvæmt innlausnarákvæði 10. gr. laga nr. 61/2006. Undirritaður lítur svo á, að þar sem enn eru nær 7 mánuðir til stefnu fyrir greint ráðuneyti til að ljúka vinnu sinni í þessu tiltekna máli, séu engar réttmætar forsendur fyrir hendi til að framlengja gildistímann um 5 ár. Slíkur seinagangur sem ráðuneytið ýjar hér að er enn fremur andstæður góðum stjórnsýsluháttum sbr. 9. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Ef einhver vill nota gildandi innlausnarrétt þá er það öllum frjálst næstum 7 mánuði enn.

Með vísan til ofangreinds er það niðurstaða undirritaðs að greindar breytingatillögur á lögum nr. 61/2006 séu ekki til bóta og leggst því gegn því að frumvarpið fái framgang á Alþingi.

Virðingarfyllst,

Orri Vigfússon 101742-2339